

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 17/1898:

Magnús Sölvason
 gegn
 Kristjáni Sigurðssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í hjeradi Kristján bóndi Sigurðsson á Reykjum í Húnavatnssýslu gegn Magnúsi Sölvasyni fyrir vistarrof, og var það dæmt í lögreglurjetti Húnavatnssýslu 13. nóv. f. á. með þeim úrslitum, að Magnús Sölvason skyldi greiða Kristjáni Sigurðssyni 137 kr. 50 a. sem skadabætur fyrir vistarrofin og 15 kr. í málskostn. að. Dómi þessum hefur Magnús Sölvason skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 13. apríl þ. á., og krafizt þess, að honum verði hrundið og breytt þannig, að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefndi dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað fyrir báðum rjettum. Stefndi Kristján Sigurðsson hefur af sinni hálfu krafizt þess, aðallega, að málinu verði frávísað og honum tildæmdar ómaksbætur, en til vara, að lögreglurjettardómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins,

Stefndi rökstyður frávísunarkröfu sína með því, að yfirdómsstefnan hafi eigi verið birt af hinum rjettu stefnuvottum, og að innsigli annars

stefnuvottsins vanti undir birtingarvottorðið, en þessar aðfinnslur eru þýðingarlausar, úr því að stefndi allt að einu hefur mætt eptir stefnunni og komið fram með vörn í aðalefni málsins. Þá hefur hann ennfremur haldið því fram, að ósannað sje, að stefnan hafi verið löglega birt fyrir hjer- aðsdómaranum, en þetta er eigi rjett, því að stefnan ber það sjálf með sjer, að hún hafi verið löglega birt fyrir nefndum dómara. Frávísunarkrafa stefnda verður fyrir því eigi tekin til greina.

Að því er aðalefni málsins snertir, eru málsaðilar sammála um það, að áfrýjandi hafi vistast til stefnda vorið 1897 og að árskaup hans hafi átt að vera 150 kr., að hann hafi farið í vistina snemma í júním., en farið úr henni aptur eptir mánaðartíma, eða snemma í júlím. Þar sem nú stefndi enn fremur heldur því fram, að áfrýjandi hafi vistast til hans sem reglulegt árshjú, þá hefur áfrýjandi neitað þessu og sagt, að samningurinn hafi verið á þá leið, að hann skyldi vera ársmáður stefnda, ef honum (áfrýjanda) líkaði vistin, og skyldi hann þá hafa 150 kr. árskaup; en ef honum eigi líkaði vistin, mætti hann fara úr henni, og skyldi hann þá fá venjulegt daglaunakaup fyrir þann tíma, er hann hefði verið hjá stefnda. Þessi skýrsla áfrýjanda um vistarráðin, sem stefndi af sinni hálfu hefur neitað að væri rjett, verður þó eigi tekin til greina, því að honum hefur eigi tekizt að sanna, að þeir málsaðilarnir hafi gjört svo óvanalegan samning með sjer, er heimilaði honum að hlaupa úr vistinni, hve nær sem honum þóknadist. Og í bein- an bága við þessa skýrslu áfrýjanda kemur fram-

burður manns þess, er í fyrstu var milligöngu-
maður milli hans og stefnda og samdi við áfrýj-
anda um vistarráðin, því að hann tekur það skýrt
fram, að vistarráðin hafi átt að vera til árs. Það
verður því að líta svo á, að áfrýjandi hafi löglega
vistast til stefnda vorið 1897 sem ársmaður fyrir
árið 1897—98, og þar eð hann, eptir því sem fram
er komið í málinu, eigi hafði neina lögmeeta á-
stæðu til að ripta vistarráðunum, verður hann að
greiða bætur fyrir vistarrofið samkvæmt tilsk. um
vinnuhjú 26. jan. 1866, 28. gr., og eiga bæturnar að
jafngilda hinu umsamda árskaupi, að frádregnum
 $\frac{1}{12}$ hluta fyrir mánuð þann, sem áfrýjandi var í
vistinni. Þær eru því rjettilega ákveðnar í lög-
leglurjettardóminum 137 kr. 50 a., og með því að
einnig má fallast á ákvæði dómsins um málskostnað,
ber að staðfesta hann óbreyttan. Eptir þess-
um úrslitum málsins skal áfrýjandi einnig greiða
stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15
krónur.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardómurinn skal vera órask-
aður. Áfrýjandi Magnús Sölvason greiði
stefnda Kristjáni Sigurðssyni 15 krónur sem
málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja, áður liðnar
sju 8 vikur frá löglegri birtingu hans að
viðlagði aðför að lögum.